



Stjórnarfundur Bekkingarsetursins á Blönduósi haldinn miðvikudaginn 14.12.2016, kl. 9:00.

Dagskrá:

1. Staða mála
2. Fjárhags- og starfsáætlun 2017 – drög
3. Samstarfssamningar
4. Önnur mál

Arnar setti fund kl. 9 og bauð fundarmenn velkomna. Mætt eru Katharina Schneider, Valgarð Hilmarsson, Arnar Þór Sævarsson og Þóra Sverrisdóttir sem skrifar fundargerð.

1. Katharina fór yfir stöðu mála. Nú eru próf í gangi og Katrín Rúnarsdóttir, starfsmaður á skrifstofu, heldur utan um þau. Töluverð notkun hefur verið á námsverinu og fer hún vaxandi hjá einstaklingum í héraðinu og einnig er aukning í námskeiðum á vegum Farskólans. Katharina skýrði frá vinnu Ragnheiðar Þórsdóttur og styrkumsókn sem hún er að vinna að varðandi vefnaðarmynstur og rannsóknir þeim tengdum. Ef styrkur fæst er um þriggja ára verkefni að ræða. Einnig skýrði hún frá því sem Lee Ann er að vinna að varðandi stefnumótunarvinnu. Jafnframt er Magnús atvinnuráðgjafi að skoða markaðshliðina á málinu. Búið er að kaupa rafræna vefstólinn og aukahluti sem kom í ljós að þurfti nauðsynlega á að halda vegna notkunar á honum. Búið er að setja hann saman í íbúðinni að Árbraut 35. Ragnheiður er að fara til Noregs á námskeið í janúar 2017 til að læra á rafræna vefstólinn. Eftirspurn er eftir þýðingum í héraðinu og einnig úr Skagafirði. Búið er að skila skýrslu til ráðuneytisins vegna nýtingar á fyrri hluta aukaframlags frá Norðvesturnefndinni fyrir árið 2016.

2. Katharina kynnti drög að fjárhags- og starfsáætlun 2017.

Katharina fór yfir drög að verkefnaáætlun 2017; Samþættingu á sviði textíls. Eflingu rannsókna á sviði textíls. Samstarf við ferðamálaeild Háskólans á Hólum. Efling

menntunar og önnur starfsemi. Rætt var um hugsanlega aðkomu Þekkingarsetursins að rekstri upplýsingamiðstöðvar. Gera þarf átak í ferðamálum, m.a. þarf að endurútgefa bæklinginn: Á milli fjalls og fjöru.

3. Rætt var um samsstarfssamninga vegna ársins 2017. Gera þarf samstarfssamninga við Textílsetrið vegna samstarfs og tækja.

Stjórn Þekkingarsetursins átti fund með stjórn Heimilisiðnaðarsafnsins 29. nóvember sl. þar sem rædd var m.a. framtíðarsýn fyrir kvennaskólatorfuna, staða Heimilisiðnaðarsafnsins og aukið samstarf. Framkvæmdastjóri kynnti drög að samstarfssamningi við Heimilisiðnaðarsafnið fyrir árið 2017. Stjórnin ræddi þessi drög og samþykkti þau fyrir sitt leyti. Formanni stjórnar er falið að kynna þessi drög fyrir hlutaðeigandi aðilum.

4. Stjórnin þarf að koma saman í janúar til að ganga frá starfs- og fjárhagsáætlun 2017.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Þóra Sverrisdóttir